

Ræða Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra og formanns Samfylkingarinnar, á fundi flokksstjórnar  
29. janúar 2011 Talað mál gildir.

Kæru félagar.

Nú þegar tvö ár eru liðin frá upphafi ríkisstjórnarsamstarfs Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs er fullt tilefni til að staldra við og meta stöðuna. Við þessi tímamót eigum við að íhuga stöðu ríkisstjórnarinnar, meta af raunsæi hvernig til hefur tekist og hvernig best verður mætt þeim spennandi áskorunum sem blasa við íslenskum stjórnámálum á komandi árum. Síðastliðin tvö ár hafa eðlilega mótast af þeim risavöxnu og vandasömu verkefnum sem efnahagshrunið kallaði yfir íslenskt samfélag. Sá björgunarleiðangur hefur verið fordæmalaus líkt og andrúmsloftið sem ríkt hefur í samfélaginu fram að þessu. Við höfum þurft að glíma við réttláta reiði fólks þar sem hrunið hefur komið niður á öllu samfélaginu og allt of margir hafa liðið og þurft að takast á við mikla erfiðleika ekki síst fjárhagslega. Á sama tíma höfum við hinsvegar einnig verið að breyta íslensku samfélagi til hins betra. Innleiða breytt vinnubrögð, breyttar leikreglur og breytta forgangsöröðun í anda hugsjóna okkar jafnaðarmanna. Í öllu þessu tel ég að okkur hafi miðað vel áleiðis þó verkinu sé fjarri lokið. Ef við lítum á efnahagsmálin þá blasir við, þrátt fyrir bölmóðinn, að samdrátturinn hefur verið stöðvaður og hagvaxtarskeið er hafið, kaupmáttur launa hefur vaxið undanfarið ár og störfum fjölgar nú á ný. Verðbólgan hefur ekki verið lægri í sjö ár, stýrivextir aldrei lægri, gengið hefur haldist stöðugt og styrkst og fjárlagahallinn hefur minnkað úr rúmum 200 milljörðum í tæpa 40. Skuldir ríkissjóðs eru mun lægri en reiknað var með, afgangur af viðskiptum við útlönd hefur aldrei verið eins hagsstæður, fullnægjandi gjaldeyrisforði hefur verið tryggður og skuldatryggingaálagið á Ísland er orðið lægra en það var fyrir hrun. Þarf að hafa fleiri orð um árangur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum? Grundvallarbreytingar eru að verða á stjórnskipan okkar og opnir og lýðræðislegri stjórnarhættir eru að verða að veruleika. Stjórnarráðið og stofnanakerfið hefur sömuleiðis gengið í gegnum miklar breytingar – þær umfangsmestu í Íslandssögunni. Ráðuneytum hefur verið fækkað og tvö ný burðug ráðuneytin tekið til starfa í stað fjögurra minni áður. Stofnunum hefur verið fækkað um tugi og fyrirhugaðar frekara breytingar í kjölfar eflingu ráðuneytanna. Markmið þessara breytinga eru ekki einungis þau að ná fram hagræði í rekstri til framtíðar, heldur einnig að styrkja stjórnsýslu og efla þjónustu til framtíðar þrátt fyrir tímabundna ágjöf. Þá var þeim langþráða áfanga náð í þjónustu við fatlað fólk að ábyrgð á henni var flutt frá ríki til sveitarfélaga um síðustu áramót.

Ný lög hafa verið sett um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, siðareglur innan stjórnsýslunnar og um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á sérstöku Stjórnlagabingi. Óvænt ógilding Hæstaréttar á kosningunum mun ekki eyðileggja Stjórnlagabingið. Áður en kosið verður nýtt Alþingi mun ný stjórnarskrá, mótuð á stjórnlagabingi þjóðarinnar, afgreidd á þingi. Þannig verður það svo lengi sem ég fæ einhverju ráðið. 2

Starfshættir og vinnulag í Stjórnarráðinu hafa einnig verið tekin til endurskoðunar, m.a. á grundvelli niðurstaðna rannsóknarskýrslu Alþingis. Ráðherranefndir hafa verið skipaðar, stjórnsýsluskóli starfræktur og skrifstofa löggjafarmála í forsætisráðuneyti fer nú yfir öll lagafrumvörp sem unnin eru á vegum framkvæmdavaldsins áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn. Upplýsingalögin hafa verið endurskoðuð og í nýju lagafrumvarpi eru lagðar til verulegar rýmkanir á upplýsingagjöf stjórnvalda. Á grundvelli ýtarlegrar skýrslu um endurskoðun á lögum um Stjórnarráðið er einnig unnið að lagafrumvarpi. Í skýrslunni voru lagðar til fjölmargar breytingar á starfsháttum ríkisstjórna, eftirlitshlutverki ráðuneyta, skipulagi og starfsháttum ráðuneyta og mannauðsmálum. Rauði þráðurinn í tillögum nefndarinnar, sem ég tek heilshugar undir, eru samhent stjórnsýsla þar sem ráðuneyti og stofnanir vinna í sameiningu að samfélagslegum markmiðum. Miklar umbætur hafa orðið í ráðningamálum á vegum hins opinbera. Sérstakar hæfisnefndir hafa annast mat á umsækjendum um auglýstar stöður ráðuneytisstjóra og sambærilegt vinnulag var viðhaft við skipan nýs Seðlabankastjóra og hæfiskröfur auknar í samræmi við ný lög þar um. Jafnframt hafa verið lögfestar löngu tímabærar breytingar á verklagi við skipun dómara. Þar hafa faglegar hæfisnefndir komið í stað geðþóttavalds ráðherra rétt eins og annarsstaðar. Stjórnmalakerfið er einnig í mikilli gerjun. Lagalegur rammi þess hefur tvívegis verið endurskoðaður á liðnum árum til að tryggja gegnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Árangurinn af þessu starfi sýnir sig m.a. í því að GRECO, samtök ríkja gegn spillingu meta stöðuna hér á landi með því besta sem gerist í heiminum. Það er því af sem áður var þegar Ísland sat í skammarkróknum hjá þessum samtökum, eitt fárra ríkja Vestur Evrópu. Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur stýrihóps Sóknaráætlunar undir heitinu *Ísland 2020*. *Ísland 2020* er stefnumarkandi skjal sem felur í sér framtíðarsýn til ársins 2020, 20 mælanleg markmið um samfélagslega þróun og 30 tillögur að aðgerðum til þess að vinna að þeim. Með *Ísland 2020* er í fyrsta sinn gerð tilraun til þess að horfa á þróun atvinnulífs og samfélags með heildstæðum hætti og skilgreina hverskona samfélag við viljum skapa til framtíðar. Fjölmörg önnur réttlætist- og þjóðþrifamál hafa náðst í höfn – mál sem þvælst hafa fyrir öðrum ríkisstjórnnum eða hefðu aldrei komist á þeirra borð, en hafa nú verið leidd til lykta af fyrstu meirihlutastjórn jafnaðarmanna á Íslandi. Ég nefni ég nokkur:

- Langþráð sátt um sanngirnibætur til barna á vistheimilum sem sættu misgjörðum.
- Ein hjúskaparlög fyrir alla landsmenn tóku gildi.
- Sérréttindi ráðherra, dómara og alþingismanna í lífeyrismálum afnumin.
- Kaup á vændi gerð refsiverð og súlustöðum lokað.
- Skattkerfinu breytt til stóraukinnar tekjujöfnunar, umhverfisskattar innleiddir og skattransóknir og skatteftirlit stóreflt.
- Ný fagleg yfirstjórn í Seðlabanka og Fjármálaeftirliti.
- Nýr og ábyrgari lagarammi settur um fjármálakerfið og starfsemi fjármálaeftirlitsins stórefld.

- Skýrslu rannsóknarnefndarinnar hefur verið fylgt eftir, starfsemi sérstaks saksóknara og fjármálaeftilitsins stórefld og dómurum fjölgað til að anna álaginu vegna hrunsins. Fimm milljörðum verður varið aukalega til að efla embætti sérstaks saksóknara, dómstólana og fjármálaeftirlitið.
- Gríðarlegar réttarbætur hafa verið innleiddar fyrir skuldara sem nýtast mun skuldurum um ókomin ár og verulega komið til móts við afleiðingar hrunsins hjá skuldsettum heimilum. Hér er um yfir 50 einstakar aðgerðir að ræða og skuldaniðurfellingar og bætur sem nema vel á annað hundruð milljarða.
- Ný metnaðarfull loftslagsáætlun hefur verið mótuð og samþykkt.
- Unnið er að friðlýsingu Þjósárvera í heild, Gjástykkis og fleiri svæða.

Baráttan gegn atvinnuleysinu hefur einnig verið fyrirferðarmikil hjá ríkisstjórninni allt frá hruni. Þúsundir starfa hafa orðið til eða verið varin vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, bæði í byggingariðnaði, ferðaþjónustu, samgöngumálum, opinberum rekstri og stórfamkvæmdum ýmiskonar svo eitthvað sé nefnt. Þó störfum hafi fjölgað og atvinnuleysi mælist talsvert minna en spár gerðu ráð fyrir er erfitt að berja sér á brjóst í þessum efnunum. Atvinnuleysinu verðum við að útrýma á næstu árum. Kæru félagar. Ábyrgð og áskorun okkar sem haldið hafa um stjórnvölinn síðastliðin tvö ár er tvíþætt. Í fyrsta lagi að ná þjóðinni uppúr kreppunni, endurreisa fjármálakerfið og atvinnulífið úr rústum efnahagshrunsins, standa vörð um velferðarkerfið eins og kostur er og aðstoða sérstaklega heimili sem eru í miklum skuldavanda. Ég held eins og ég hef hér lýst að vel hafi til tekist í þessum efnunum og að við séum á réttri leið og séum komin vel áleiðis í að spyrna okkur frá botninum. Í öðru lagi þá höfum við líka þá skyldu, sem fyrsta meirihlutastjórn jafnaðarmanna í landinu að sýna að það skipti máli hver stjórnar og að vinstri öflin í landinu geti starfað saman. Sem formaður Samfylkingarinnar segi ég það fullum fetum að þingmenn okkar og ráðherrar hafa staðið vel í lappirnar í verkefnum undanfarinna ára. Staðið þétt saman, unnið vel og þannig staðið þá plikt með sóma að vera burðarásinn við stjórn landsins. Það forystuhlutverk fól þjóðin Samfylkingunni í síðustu alþingiskosningum og það er ekki síst vegna samstöðunnar í okkar röðum sem við höfum náð árangri í endurreisnarstarfinu eftir hrun. Vissulega er oft á tíðum tekist á um leiðir að þeim markmiðum sem við settum okkur í samstarfsyfirlýsingu flokkanna, en við leysum ólík sjónarmið innan okkar raða þegar þau koma upp. Það sýnir styrk flokksins og af því er ég stolt. Því er hinsvegar ekki að leyna að sá óróleiki sem verið hefur í samstarfi við hluta þingflokks Vinstri grænna hefur skaðað stjórnarsamstarfið og dregið úr trúverðugleika ríkisstjórnarinnar. Vegna órofa samstöðu innan Samfylkingarinnar og trausts samstarfs við formann og stærstan hluta VG hefur þetta hinsvegar ekki stöðvað framgang mikilvægra mála ríkisstjórnarinnar. En það er hættulegur leikur að spila pólitískan einleik á kostnað samstarfsfélaga sinna í trausti þess að samstaða annarra og stuðningur við óvinsælar en óhjákvæmilegar ákvarðanir tryggi að uppúr stjórnarsamstarfinu slitni ekki. Hættulegur leikur sem gæti endað öðruvísi en menn ætla. Þeir stjórnarliðar sem líta á samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna sem plagg sem ekki þarf að taka mark á eru að leika sér að eldinum. Ég lít svo á að nú séu ákveðin kaflaskil í stjórnarsamstarfinu.

Björgunarstörfunum er að mestu lokið og framundan er uppbyggingin. Stjórnarliðar allir verða að gera upp við samvisku sína hvernig þeir vilja að arfleifð þessa ríkisstjórnarsamstarfs verði. 4

Fleiri og fleiri í þjóðfélaginu spyrja sig þeirra spurninga. Mun ríkisstjórnin klára þau mörgu og stóru verkefni sem hún lagði upp með, auk þess risaverkefnis að ná þjóðinni uppúr hruninu eða munu þeir veikleikar sem ríkisstjórnin hefur í farteskinu og allir þekkja gera hana óstarfhæfa? Það er okkar hér og stjórnarflokkanna saman að láta það ekki gerast. Ég mun af fullu afli berjast fyrir því að þessi fyrsta meirihlutastjórn jafnaðarmanna ljúki þeim gríðarlega stóru verkefnum sem henni voru falin og sett hafa verið á dagskrá. Engin okkar vill bera ábyrgð á því að völdin fari í hendurnar á íhaldsöflunum, þar sem sérhagsmunir forréttindastéttanna taki aftur völdin. Við höfum á liðnum dögum verið minnt íllþyrmilega á tilvist þessara hagsmunagæslufla, bæði með gíslatöku LIU á kjarasamningum og andstöðunni við Stjórnlagabætur. Allt snýst þetta um sama málið – baráttuna um auðlindir þjóðarinnar. Auðlindirnar sem þeir vilja áfram eiga og nýta fyrir sig sjálfa, en við jafnaðarmenn viljum að þjóðin eigi og nýti. Góðir félagar Það er eins ljóst í mínum huga, eins og dagur rís að morgni, að aðeins meirihlutastjórn jafnaðarmanna mun tryggja; Að nýtt og sanngjarnara stjórnkerfi fiskveiða verði að veruleika Að skýrt verði í stjórnarskrá að auðlindirnar séu sameign okkar allra og arðurinn af auðlindunum renni til þjóðarinnar Og það er okkar jafnaðarmanna að tryggja að ný orku og auðlindastefna verði til á forsendum almennings en ekki sérhagsmuna Aðeins meirihlutastjórn jafnaðarmanna mun tryggja: Að mótuð verði ný stjórnarskrá á vettvangi Stjórnlagabætur, þar sem hægt verður að taka ákvarðanir um stórmál eins og sameign Íslendinga á auðlindunum, aukið vægi þjóðaratkvæðagreiðslna og hugmyndina að landið verði eitt kjördæmi. Og að nýja Íslands verði reist á róttækum umbótum í stjórnkerfinu og stjórnsýslunni sem nú er unnið að m.a. með stofnun atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis Engir aðrir en jafnaðarmenn geta tryggt: Að velferðarkerfið verði endurreist á forsendum meiri jöfnuðar og réttlætis m.a. með nýju og breyttu almannatryggingakerfi og húsnæðiskerfi og skattkerfi þar sem þungamiðjan verði lægri skattar á fólk með lágar og meðaltekjur Og öll vitum við að það er forystysta jafnaðarmanna í ríkisstjórn sem ein getur tryggt að þjóðin fái að greiða atkvæði um aðild að Evrópusambandinu Þetta eru stóru verkefni sem við munum setja alla krafta okkar í og gera að forgangsverkefnum næstu mánaða og missera. Kæru félagar 5

Fjöldmörg önnur knýjandi verkefni bíða okkar á komandi misserum. Við verðum að tryggja frið á vinnumarkaði og hefja nýja sókn í atvinnulífinu. Stöðugleikasátt er forsenda aukins hagvaxtar, kaupmáttar og fjölgunar starfa. Þó ekki horfi byrlega í kjaraviðræðu um þessar mundir hefur ríkisstjórnin lagt grunn að viðtæku samráði aðila vinnumarkaðarins og allra þingflokka, um mótun atvinnustefnu, sköpun starfa, vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnuleitendur og úrræði á sviði starfs-og endurmenntunar. Hagfellt efnahagsumhverfi, lægri vextir og viðtæk skuldaaðlögun lífvænlegra fyrirtækja gefa von um kröftuga viðspyrnu atvinnulífsins ef friður helst á vinnumarkaði og mjög fljótlega er mögulegt að ráðast í mjög umfangsmiklar framkvæmdir víða um land. Nefna má framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun, einhverjar umfangsmestu vegaf framkvæmdir Íslandssögunnar, aukin umsvif ferðaþjónustunnar, framkvæmdir við nýtt fangelsi, háskólasjúkrahúsið, uppbyggingu gagnavera, kísilvera og umfangsmiklar framkvæmdir við álverin í Straumsvík og á Reyðarfirði eru þegar hafnar. Við þessar aðstæður, þegar hjól atvinnulífsins gætu loksins farið að snúast af krafti, öllum til hagsbóta, er algerlega óásættanlegt að smáir en völdugir sérhagsmunagæsluhópar stefni efnahagslífinu í hættu. Hvað er okkur að birtast þessa dagana annað en það ? Grímulaus valdaklíka LÍU skirrist ekki við að þvinga Samtök atvinnulífsins til að taka alla kjarasamninga í landinu í gíslingu til að tryggja áframhaldandi forræði þeirra á auðlindinni í sjónum. Landsamband íslenskra útvegsmanna, sem eru um 8% fyrirtækja innan SA reyna með mjög óskamfeilnum þvingunaraðgerðum að koma í veg fyrir að 92% eða um 55 þúsund mans hjá fyrirtækjum innan SA fái nýjan kjarasamning og frið á vinnumarkaði. Þetta háttarlag verður einfaldlega ekki liðið og SA verður að snúa aftur að samningaborðinu, án hótana eða skilyrða um mál sem ekkert erindi eiga í kjaraviðræður aðila vinnumarkaðarins. Allir hagsmunaaðilar verða að sýna ábyrgð á þeim viðkæmu tímum sem við nú lifum. Kæru félagar. Ég nefni líka að ljúka þarf skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja á grundvelli þeirra viðamiklu úrræða sem nú hafa verið innleidd. Fyrir mitt næsta ár ættu öll fyrirtæki og heimili landsins að hafa fengið niðurstöðu í sín mál í samvinnu við viðkomandi fjármálastofnanir. Uppstokkun Stjórnarráðsins verður einnig fram haldið og þær fjöldmörgu tillögur sem komið hafa fram verða innleiddar, ein af annarri. Hið sama á við um vinnu við tilfærslu málefna aldraðra til sveitarfélagana. Að síðustu nefni ég að á árinu mun farsælu samstarfi okkar við AGS ljúka en fyrir þann tíma munum við móta nýja langtíma efnahagsáætlun, taka til umræðu framtíðar fyrirkomulag í gjaldmiðlamálum og leggja grunn að nýrri peningastefnu fyrir Ísland. Kæru félagar Baráttan um auðlindir Íslands er nú í hámarki. Hún hefur staðið yfir frá fyrsta degi ríkisstjórnarsamstarfs Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Við munum öll hversu hatrammlega íhaldið barðist gegn því að minnihlutastjórnin fyrir tveimur árum síðan næði fram breytingum á stjórnarskránni, sem fólu í sér Stjórnlagabætur með bindandi niðurstöðu, að þjóðin fengi sinn sjálfstæða rétt til þjóðaratkvæðagreiðslu og að í stjórnarskránni kæmi að náttúruauðlindir væru í þjóðareign. Íhaldið barðist á móti þessum miklu lýðræðisumbótum og Stjórnlagabætur vildu þeir ekki sjá. Breytingar á stjórnarskránni áttu áfram að vera í gamla farinu hjá flokkunum sem ekki hafa

áratugum saman haft burði til að ná fram nauðsynlegum breytingum og eitur í þeirra beinum var að þjóðin sjálf fjallaði á stjórnlagabingi um málið. Nú er komið að ögurstundu, sem snýst um það hvort jafnaðarmönnum á Íslandi auðnist að halda undirtökunum og brjóta á bak aftur að fámenn valdaklíka íhaldsafla og sægreifa á Íslandi eigi áfram Ísland . Nú er að duga eða drepast jafnaðarmenn. Við megum ekki una okkur hvíldar fyrr en þessi orusta um auðlindir Íslands – orustan gegn sérhagsmunum og með almannahagsmunum vinnst með fullnaðarsigri þjóðarinnar.